

**Nd.**

**762. Frumvarp til laga**

[5. mál]

um skipamælingar.

(Eftir eina umr. í Ed., 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 5 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum, sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að.

Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi, skal mæla skip samkvæmt Alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipamálastjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

4. gr. hljóðar svo:

Nú er skip smíðað hér á landi, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipamálastjóra) skriflega tilkynningu um skipasmið með uppráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, sem skipamálastjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er út gefið.

8. gr. hljóðar svo:

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip að nýju, nema skipamálastjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

9. gr. hljóðar svo:

Skipamálastjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, eftir að það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal þá mæling fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 7. gr.

15. gr. hljóðar svo:

Gjöld í ríkissjóð fyrir mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips. Ráðherra setur eftir tillögum skipamálastjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem lestagjald.